



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Starfsáætlun Rofaborgar

2022 – 2023



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1. Greinargerð leikskólastjóra	4
2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022	6
Umbótaáætlun leikskólans	8
3. Innra mat deilda.	9
Svanaland 1-3 ára	9
Lóuland og Þrastaland 2-4 ára.....	10
Innra mat Spóalands.....	12
Innra mat Krummalands.....	13
4. Innra mat – Sérkennsla.....	18
Umbótaáætlun sérkennslu	16
5. Innra mat fjöltyngd börn	18
6. Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	20
7. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	20
8. Foreldrasamvinna	21
9. Skipulagsdagar og leikskóladagatal	22
10. Fylgigögn.....	22



Leiðarljós leikskólans

Leiðarljós Rofaborgar er að börnin sýni stöðugar og jafnar framfarir í þroska um leið og þau njóta gleði og vellíðunar í leikskólanum.

Einkunnarorð leikskólans eru; leikur – gleði – vinátta

Leikur felur í sér:


nám – sköpun – frumkvæði – virkni

Gleði stendur fyrir:

velliðan – jákvæðni – sjálfshjálp- hvatning og hrós

Vinátta nær yfir:

samskipti – félagsfærni – tilfinningar – umhyggja og hlýja



1. Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið 2021-2022 litaðist talsvert af Covid-19 faraldri eins og árið áður. Haustið 2021 fór smitum aftur að fjölga í samfélaginu og þá var starfsemi Rofaborgar aftur sett í sóttvarnarhólf og foreldrar komu ekki inn í leikskólann. Enn og aftur sýndi starfsmannahópur Rofaborgar hvað í honum býr og gekk í þau verkefni af krafti sem fylgir því að vera með starfsemi leikskólans í sóttvarnarhólfum.

Ný börn hófu leikskólagöngu seinni hlutann í ágúst og í byrjun september, flest fædd 2019 og 2020. Eldri börn kvöddu gömlu deildina sína og aðlöguðust eldri deild sem er alltaf stór áfangi í leikskólasögu barnsins. Einn af grunnþáttum fyrir vellíðan barna í leikskólanum eru góð tengsl barna og starfsmanna. Samsetning barnahópsins og tengsl barnanna sín á milli skipta líka gríðarlega miklu máli.

Nokkrir nýir starfsmenn hófu störf á haustmánuðum og vel gekk að ráða í lausar stöður þetta haustið. Hefðbundið vetrarstarf hófst upp úr miðjum september og starf vetrarins eins hefðbundið og hægt var miðað við það ástand sem ríkir í þjóðfélaginu þessa dagana:

Í október 2021 var byrjað að hanna nýtt útikennslusvæði sem er staðsett vestast í garði Rofaborgar. Það var gert í samvinnu við miðstöð Útivistar og Útináms. Útikennslusvæðið var tekið formlega í notkun í maí 2022, enn er þó eftir nokkur smíðavinna á svæðinu.

Liðinn vetur var unnið áfram með þau markmið sem sett voru fram í tengslum við Menntastefnu Reykjavíkurborgar. Það sem bar hæst var vinna með læsi og sjálfshjálpi. Komið var á það sem við köllum „flæðilestur“. Þá er markvisst lesið einstaklingslega fyrir hvert barn, 2-3 sinnum í viku. Þá fær hvert barn gæðastund með kennara og þá er hægt að aðlagasturinn að þörfum hvers og eins. Í kjölfarið voru útbúnir bókakassar sem við köllum gæðakassa, eða „mini bókasafn“. Í hverjum kassa eru um 10 bækur sem við teljum mjög góðar til að efla orðaforða og málskilning barnanna. Deildarnar skiptast á kössum einu sinni í mánuði. Þetta hefur farnast mjög vel. Einnig var unnið með gefðu 10 á öllum deildum og skema fyrir það gert sýnilegt fyrir starfsmenn.

Við bættum við í tengslum við menntastefnuna einum áherslupætti sem er „Sköpun í víðu samhengi“. Sköpun í skólastarfi er meira en myndlist og teikningar. Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga og virkja ímyndunarafl og leika sér með alls konar efnivið. Sköpun byggir á gagnrýnni hugsun og aðferðum sem opnar sífellt nýja möguleika og því skiptir ferlið ekki síður máli en afrakstur verksins. Sérstök áhersla var lögð á að gera skapandi efnivið hærra undir höfði og draga fram hvaða námsgildi hann hefur fyrir barnið.

Þegar sá fyrir endann á Covid faraldrinum gátu starfsmenn loksins sótt þau mörgu og góðu námskeið sem þurfti að setja til hliðar árin á undan. Starfsmenn sem sinna sérkennslu sóttu námskeið sem bar heitið Náttúruleg kennsla sem þjónustumiðstöð stóð fyrir. Starfsmenn höfðu þó sótt námskeið á ZOOM má þar nefna nýliðanámskeið og sérkennslustjóri tók þátt í lærdómssamfélagi sérkennslustjóra sem var vikulega. Nokkrir starfsmenn fóru á PECKS grunnnámskeið og einnig framhaldsnámskeið og nokkrir sóttu námskeið um ADHD í byrjun júní. Á skipulagsdegi var námskeið um Opinn efnivið og við fengum námskeið frá Hugarfrelsi sem innihélt öndun- slökun og hugleiðslu. Starfsmaður lauk leikskólaliðanámi í maí og annar starfsmaður hóf nám í kennslufræði frá háskóla í Póllandi.



Þess ber að geta að Rofaborg, ásamt Fylki og 5 öðrum leikskólum í Árbæ, í samstarfi við H.Í. voru með samstarfsverkefni sem heitir Heilsuefning leikskólabarna í Árbæjarhverfi.

Leikskólar í borgarhluta Austur eru að fara saman í þróunarverkefni um innra mat í leikskólum. Verkefnastjóri er Anna Magnea Hreinsdóttir. Verkefnið verður í formi lærdómssamfélags sem leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri taka þátt í.



2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Betri vinnutími/stytting	Viðhorfskönnun til starfsmanna	Starfsmenn	90 % starfsmanna segjast geta nýtt sér styttingu vinnuvikunnar vel. 88% starfsmanna eru ánægðir með verkefnið stytting vinnuvikunnar. 78% starfsmanna telja að stytting vinnuvikunnar hafi haft frekar jákvæð eða mjög jákvæð áhrif á gæði vinnunnar.
Frumkvæði	Viðhorfskönnun til starfsmanna	Starfsmenn	92 % starfsmanna segja að þeir séu hvattir til að sýna frumkvæði 90 % starfsmanna segja að þeir hafi frelsi til að taka sjálfstæðar ákvarðanir í starfi.
Fræðsla og þjálfun	Viðhorfskönnun til starfsmanna	Starfsmenn	80% starfsmanna hafa haft tækifæri á skólaárinu til að sækja fræðslu og þjálfun.



Ímynd			87% starfsmanna telja að sú fræðsla hafi nýst vel í starfi.
	Viðhorfskönnun til starfsmanna	Starfsmenn	95% starfsmanna eru stoltir af starfsstað sínum. 94% segja að starfsstaðurinn hafi góða ímynd.
Jafnrétti og jafnræði	Viðhorfskönnun til starfsmanna	Starfsmenn	83% starfsmanna telja að það sé gætt jafnræðis og jafnréttis gagnvart starfsmönnum á starfsstaðnum.
Starfsandi	Viðhorfskönnun til starfsmanna	Starfsmenn	73% starfsmanna telja að það sé góð samvinna milli starfsmanna. 79% segja að það sé góður starfsandi á vinnustaðnum.
Stjórnun	Viðhorfskönnun til starfsmanna	Starfsmenn	80% starfsmanna finnst starfsstaðnum vel stjórnað. 90% starfsmanna finnst upplýsingaflæði gott en 91 % segjast geta nálgast allar nauðsynlegar upplýsingar sem snerta starfið.

Umbótaáætlun leikskólans 2022-2023

Uppeldis- og menntunarstarf

Uppeldis- og menntunarstarfið í Rofaborg þarf ætíð að taka mið af aldri og þroska barnanna. Heppileg hópasamsetning deilda er lykilatriði fyrir vellíðan barna og jafna og góða framvindun í námi og þroska. Uppeldis- og menntunarstarfið í Rofaborg byggir á þremur lykil þáttum sem eru einkunnarorð leikskólans, leikur, gleði og vinátta. Leikurinn er kjarninn í starfinu og við ætlum enn og aftur að leggja áherslu á frjálsan og skapandi leik í blandi við skipulagðar stundir og daglegar athafnir.

Til að ramma betur inn árstíðabundnar áherslupætti í starfinu höfum við skipt skólaárinu upp í námslotur. Hver námslota er 6-8 vikur.

Lota 1. September – október : Útikennsla – Náttúran og umhverfi

Lota 2. Október – Nóvember: Málrækt og læsi – Þjóðsögur og ævintýri

Lota 3. Desember – Jólaundirbúningur

Lota 4. Janúar – febrúar: Vísindastarf

Lota 5. Mars-apríl: Málrækt og læsi – Framsögn

Lota 6. Maí – júní : Útikennsla – Vorið og umhverfið.

Sköpun

Styðja við og efla sköpun í víðu samhengi. Þá er átt við sköpun í verkum, orðum og í samskiptum við aðra. Lögð verður áhersla á að börnin fái að nýta eigin sköpunarkraft og eigin hugmyndir í verkefnavinnu og frjálsum leik. Í samskiptum við börnin verður leitast við að eiga innihaldsríkt samtal við þau og fá þau til að koma með lausnir á hlutum og útfærslu verkefna.

Sjálfs hjálp

Börn eru getummiklir einstaklingar og þegar þau fá tækifæri á að gera hlutina sjálf er það mikil valdefling. Jafnframt styrkir það sjálfsmyndina og sjálfstraustið eykst. Það er stefnt að



því að ýta undir sjálfshjálpi barnanna í öllum þáttum leikskólastarfsins. Börnin eiga að fá hlutverk eins og þjónahlutverk, hlutverk í tiltekt og í mörgum þáttum starfsins þar sem það á við. Það verður lögð áhersla á að þau bjargi sé sem mest sjálf við matarborðið og við frágang eftir mat.

Mannauðaur /leikskólabragur

Það er gríðarlega mikilvægt til að viðhalda góðum leikskólabrag að leggja áherslu á jákvæð og uppbyggjandi samskipti meðal barna, starfsmanna og foreldra. Sameiginlegar samverustundir sem allur leikskólinn tekur þátt í er einnig kjarninn í því að viðhalda góðum leikskólabrag og það er nauðsynlegt í öllu skólastarfi að gera sér dagamun og gleðjast saman. Við ætlum áfram að hittast í lðu (sal leikskólans) og syngja saman á föstudögum sem og að halda náttfataball, öskudagsball, kaffihúsadag og opið hús fyrir foreldra.

3. Innra mat deilda.

Svanaland 1-3 ára

Félagsleg samskipti.

Við stefnum að því að styrkja börnin í að eiga góð samskipti og auka við orðaforða/málþroska þeirra. Það verður framkvæmt með því að efla félagsleg samskipti í gegnum leikinn. Til þess að styrkja málþroska og auka orðaforða er gott að setjast með börnunum og tala við þau í gegnum leikinn og vera virk í honum.

Endurmetið á u.þ.b. tveggja mánaða fresti á deildafundum. Sjá hvernig gengur og hvort eitthvað þurfi að bæta eða bara halda áfram með þetta eins og það er. Við viljum að börnin eigi góð samskipti og nái góðum tökum á málinu.

Málþroski

Við ætlum að vera dugleg að nota tákn með tali því það getur hjálpað þeim sem eru með slakan málþroska. Unnið verður með Lubba í samverustundum, einn stafur í tvær vikur í senn. Við verðum með myndrænt efni með hverjum staf fyrir sig. Lesum bækur, syngjum og spjöllum saman í samverustundum og við hvert tækifæri sem gefst. Nota orð við athafnir dags daglega því það eykur líka orðaforða barnanna. Blær verkefnið kemur inn og vinnum svolítið með það.



Hugarfrelsi, sem er öndun, slökun og hugleiðsla, ætlum við að vinna með og fá börnin til að öðlast ró og vellíðan í leik og starfi. Endurmetið á u.þ.b. tveggja mánaða fresti á deildafundum til að sjá hvernig gengur og hvort það þurfi að endurbæta eitthvað.

Lóuland og Þrastaland 2-4 ára

Styrkja félagshæfni barna og málþroska barna.

Það er stefnt að því að efla börnin í félagslegum samskiptum sín á milli. Það verður gert með því að vinna með hlutverkaleik í hópastarfi fram að áramótum þar sem kennarinn tekur virkan þátt í leiknum með börnunum. Hlutverkaleikur verður í boði eftir áramót í frjálsum leik, með föstum hópum og breytilegum. Einnig ætlum við að nýta vináttu verkefnið Blær, forvarnarverkefni gegn einelti.

Verkefnið verður metið með því að vera með skráningar innan hvers hóps á hvernig gekk yfir veturinn. Rætt á deildarfundum yfir veturinn. Endurmat um áramót.

Árangur er áætlað að merkja með betri félagsfærni barnanna, að þau geti leyst sín deilumál sjálf og sýni hvert öðru samkennd og virðingu. Börnin læri að standa á sínu.

Málþroski.

Efla málþroska barna. Auka máltjáningu, orðaforða og skilning barna. Auka lestur, þulur, vísur, söngva og rím. Gefa þeim tækifæri til að semja sjálf og koma fram fyrir aðra. Gefa 10 mín á dag og lesa fyrir hvert og eitt þeirra einstaklingslega. Unnið verður með „Lubbi finnur málbeinið“.

Endurmat verður í formi umræðna á deildarfundum tvisvar til þrisvar á önn. Minna okkur á skráningu á 10 mín reglu.

Árangur er áætlaður að gera börnum kleift að tjá skoðanir sínar, þarfir og tilfinningar sem styrkir sjálfsmynd þeirra. En einnig að þau geti lesið í umhverfi sitt.

Sjálfsbjarga barna

Að börnin verði meira sjálfbjarga: s.s. að klæða sig í og úr útifötum, við að brytja og smyrja í matartímum og bjarga sér sjálf á salerni. Við hvetjum þau til að reyna og gera sjálf, gefum þeim lengri tíma og þolinmæði.

Verkefnið verður metið með könnun sem er í formi skráningarblaðs þar sem við skráum getu barna að hausti, um jólin og að vori.



Árangur er ætlaður að efla börnin í sjálfshjálpi þannig að þau geti bjargað sér sjálf í fataklefa, í matartímum og á klósetti. Það styrkir sjálfsmyndina og eflir þau á alla vegu.

Skapandi starf

Virkja sköpunargleði barnanna í leik og listsköpun og auka vægi þess að nýta opin efnivið og verðlaust efni. Gefa börnunum tækifæri til að velja efnivið til að leika með og skapa sjálf.

Könnun: skráning þar sem við skráum og skoðum getu og áhuga barna að hausti og að vori.

Að börnin upplifi gleði og áhuga og njóti þess að leika og skapa sjálft.

Öndun, slökun og hugleiðsla.

Að börnin læri að finna fyrir innri ró og vellíðan. Gera öndunaræfingar fyrir hádegismat. Gera slökunaræfingar fyrir hvíld og eftir hreyfistundir. Lesa hugleiðslusögur fyrir hópastarf.

Sameiginlegt verkefni deildarstjóra og starfsfólks. Verður metið með könnun, skráning að hausti og vori, hvort það séu sýnilegar breytingar á barnahópnum.

Að börnin læri að njóta og upplifa góðar tilfinningar og vellíðan.



Innra mat Spóalands.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferð ir?	Viðmið um árangur
	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hver ber ábyrgð, Hver fram- kvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni- hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Frjáls leikur	Nýting á plássi	Nýta plássíð á mark- vissari hátt með litlum mottum og skilrúmum og nýta regnboga	Deildin	Sept. 2022	Júlí 2023	Rætt á deildarfundi	Að börnin fái meira næði í leik og tækifæri á að komast dýpra ofan í hlutverkaleik án truflana → Málörvun meiri í leik í næði
Málörvun og læsi	Markviss notkun mynda og orða	Setja upp á vegg bókstafi og tölustafi	Deildin	Sept. 2022	Júlí 2023	Rýnihópur. Fylgst með hversu oft myndirnar skapa samræður milli barna eða barna og kennara	Kveikja áhuga barnahópsins á bók- og tölustöfunum
Samveru- stundir	Að hafa markvissar samveru- stundir í smærri hópum → Samverustund -ir sem hægt er að byggja ofan á	Skýrara skipulag: 1. Lestur, 2. Söngur, 3. Öndun og jóga	Skipulagt á deildar- fund	Sept. 2022	Júlí 2023	Safnað gögnum á deildarfundum og endurmetið	Að samverustund ir séu uppbyggjandi hnitmiðaðar og einstaklinigs- miðaðar → Minni kvöð – meiri gleði
Skapandi starf	Auka skapandi starf á forsendum barna- hópsins	Fækka fyrirfram unnum verkefnum og eiga samræður við hópinn um sköpun út frá kveikju	Deildin skipar verkefna- stjóra og deilir ábyrgð	Sept. 2022	Júlí 2023	Safnað gögnum á deildarfundum og endurmetið	Að börnin öðlist aukið frelsi í sköpun og sjálfstraust
Máltíðir	Efla sjálfstæði við matar- borðið	Færa okkur nær því að hafa flæðandi matartíma í sal	Deildin og aðrir stjórn- endur	Sept. 2022	Júlí 2023	Könnun, rýni- hópur og safna gögnum	Að börn öðlist sjálfstraust í að bjarga sér sjálf – Styrkja sjálfsmynd



Hreyfing í lðu/útkennsla	Oftar	Fjölga hreyfi- stundum inni og úti	Deildin	Sept. 2022	Júlí 2023	Rætt á deildarfundi	Að börn fái fleiri tækifæri til hreyfingar og auka fjölbreytni
Hópastarf	Hnit- miðaðra eftir aldurshóp	Hafa hópa- starfið mis- munandi eftir skóla- og yngri hóp	Deildin → Hóp- stjórar	Sept. 2022	Júlí 2023	Skipulagt á deildarfundi og í undirbúnings tímum	Auka aldurs- svarandi verkefni yngri hóps sem býr þau undir skólahóp og hægt er að byggja ofan á
Samstarf Krummalands og Spóalands	Samstarf í frjálsum leik	Hafa flæði í frjálsum leik eftir hádegi	Spóa- og Krumma- land	Sept. 2022	Júlí 2023	Skipulagt og endurmetið á deildarfundi	Að börnin öðlist tækifæri til að kynnast og mynda tengsl við fleiri börn í fjölbreyttari aðstæðum
Áherslur í samskiptum	Auka jákvæðni í sam- skiptum við börnin og vera fyrirmyndir	Orða sem flest á já- kvæðan hátt í staðinn fyrir nei- kvæðan	Deildin Sam- eiginlegt átak	Sept. 2022	Júlí 2023	Rætt á deildarfundi	Að auka jákvæða og skapandi hugsun barnanna og nýta nei á markvissari hátt

Innra mat Krummalands.

UMBÓTAPÁ TTUR/ MATSPÁTT UR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.

Læsi/ Lestur í hópum	Að skipta börnunum í litla hópa eftir aldri og getu í lestri og málörvun	Setjum niður hópa og setjum hópstjóra á hvern hóp	Hópstjóri, og allir starfsmenn hjálpa hver öðrum að framfylgja	Sept 2022	Júlí 2023	Skráningar fyrir hvern hóp og rætt um árangur einu sinni í mánuði á deildarfundum	Nákvæmar skráningar fyrir hvert barn.
Sköpun	Vera með skipulagða myndlist og nota opin efnivið. Hafa markvissa myndlist tvisvar í viku	Aldurs-skiptum hópunum, notum regnbogann og notum deildarnar líka	Settir verða starfsmenn sem hafa áhuga á myndlist í þetta verkefni, annars hjálpast allir að og allir verða tilbúnir til að hlaupa í skarðið ef einhvern vantar	Sept 2022	Júlí 2023	Hópstjórar sjá um skráningar.	Metið á deildarfundum
Hreyfing	Hafa markvissa hreyfingu í lðu tvisvar í viku og útiveru á hverjum degi	Aldurskipta hópunum og hópstjórar sjá til þess að í hreyfi-stundum sé lögð áhersla á hreyfi-þroskabætti og þeir æfðir	Hópstjórar setja upp plan fyrir mánuðinn og hafa nákvæmar skráningar/ skriflegar. Allir á deildinni auðvitað hjálpast að	Sept 2022	Júlí 2023	Hópstjórar sjá um skráningar	Rætt reglulega á deildarfundum
Félags-færni	Hafa félagsfærni-hópa, aldurskipta og getuskipta og að hver hópur fari allavega tvisvar í viku í félagsfærni	Hafa upphaf og endi á stundinni, nota leiki og myndir, leggja áherslu á vináttufærni	Hópstjóri sér um hópana og er með skráningar, gerir stundirnar markvissar og nota viðurkennt kennsluefni	Sept 2022	Júlí 2023	Hópstjóri sér um skráningar en öll deildin hjálpast að	Metið á deildarfundum reglulega



4. Mat á sérkennslu 2021-2022

Skipulagning sérkennslu 2021-2022 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Öll börn með íslensku sem annað tungumál fengu málörvun í litlum hópum. Tekið var mið af stöðu hvers og eins og hóparnir settir saman með tilliti til þess. Starfsmaður í 50% starfi sinnti þessari kennslu eingöngu. Skráningar áttu sér stað í lok hverrar vinnustundar. Íslensk börn með málþroskavanda fengu aukna aðstoð í málörvun þar sem unnið var út frá ráðleggingum talmeinafræðinga. Deildarstjórar fengu afhent verkefni sérstaklega fyrir þessi börn og voru þau nýtt í vinnustundum í litlum hópum eða einstaklingsstundum. Markmið skráð og endurmetin reglulega og verkefnum skipt út eftir því sem við átti. Börn með fjármagn fóru öll í einstaklingsvinnustundir með sínum stuðningsaðilum. Einstaklingsnámsskrár fylgdu öllum sérkennslubörnum sem meðal annars voru unnar út frá AEPS eða ABBLS listunum. Í einhverjum tilfellum voru þessir listar einnig nýttir í vinnu með börnum án fjármagns. Teymisfundir voru haldnir á 6-8 vikna fresti hjá þessum hóp þar sem farið var yfir stöðuna og bætt við nýjum markmiðum og leiðum.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.	TRAS, EFI-2, Hljóm-2, AEPS, ABBLS, Orðaskil, Íslenski Þroskalistinn og Íslenski smábarnalistinn
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Orðagull, Lærum og leikum með hljóðin, Lubbi finnur málbein, Markviss málörvun í leik og starfi, Snemmtæk íhlutun í hnotskurn, Tölum saman, Hljóðkerfisvitund – Spil (hugur og fluga), fjoðbreyttkennsla.is, Krakka- Alias , söguspilið og fleira.



Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTU	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Málörvun	Nýta betur tíma starfsmanna til að auka við málörvunarstundir inni á deild.	Skipuleggja málörvunar hópana út frá getu barnanna. Hver starfsmaður ber ábyrgð á sínum hóp. Fara yfir dag-skipulagið og finna fasta tíma þar sem starfsmaður hefur tækifæri til að sinna þessu verkefni.	Sérkennslustjóri ber ábyrgð á að finna verkefni sem henta hverjum hóp og skipuleggja skráningar. Deildarstjóri sér um að skipuleggja hvenær stundirnar henta starfsemi deildarinnar. Sá starfsmaður sem fær umsjón yfir hverjum hóp fyrir sig ber ábyrgð á að framfylgja stundunum	Haut 2022	Komið inn í dag-skipulag deildanna fyrir júl 2022	Starfsmenn skrá niður hversu oft þeir fara með sinn hóp í þessar stundir. Markmið sett fyrir hvern hóp og framfarir metnar á ákveðnum tímapunkti.	Útbúa námskrá fyrir hvern hóp fyrir sig svo hægt sé að meta framfarir. Notast við gátlista sem hæfir hverjum hóp fyrir sig. Tekið tillit til aldurs og getu barna í hópnum.

Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Gefðu 10	Gefðu 10 er komið vel af stað en þarf að bæta á sumum deildum.	Fá starfsfólk allra deilda til að meta hvaða börn þurfa helst á þessu að halda. Skipta þeim börnum í hópa og láta hvern hóp fyrir sig vera yfir ákveðið tímabil á Gefðu 10 planinu.	Sérkennslustjóri og deildarstjóri hvernar deildar fyrir sig.	Er þegar hafið	Markmiðið er að gott plan verði komið yfir Gefðu 10 á hverri deild um mánaðar mótin septemb er – október.	Skráningum haldið saman um hvert barn og hversu oft starfsmenn gáfu sér tíma til að ræða við barnið í 10 mínútur. Tekið saman hálfsmánaðarlega. Farið yfir á deildarfundum	TRAS skráningar. Rætt við starfsmenn um hvernig og hvort barnið tjái sig betur og meira inn á deild. Í einhverjum tilfellum er hægt að notast við EFI-2 (3-4 ára börn).



Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023

UMBÓTA ÞÁTTUR/ MATS ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Samstarf milli stuðnings- aðila	Efla samstarf milli stuðnings- aðila þeirra barna sem eru með fjármagn. Gefa þeim tækifæri og tíma til að ræða saman og deila því sem þau eru að gera. Skiptast á hugmyndum og verkefnum.	Setja niður fastan tíma vikulega þar sem stuðnings- aðilar hittast í um klukkustund.	Sérkennslu- stjóri og deildarstjórar hverrar deildar hjálpast að við að finna tíma sem hentar deildunum.	Haut 2022	Komið vel inn í starfið að vori 2023	Blað útbúið þar sem stuðnings- aðilar skrá niður í lok tímabils hvort þessir fundir hafi skilað sér í betri vinnu með börnin.	Farið yfir svör starfs- manna og ef þetta fyrirkomu- lag hefur leitt til jákvæðra svara, þá er mark- miðinu náð.

Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Blær/ vináttu- verkefni	Fara yfir vinnáttu- verkefnið og hvetja deildar- starfsmenn til að nýta það efni sem við eigum.	Kynna efnið fyrir nýju starfsfólki svo allir geti nýtt sér það. Fá einn starfsmann á hverri deild til að hafa yfirumsjón með Blæ.	Deildar- stjórar og sér- kennslu- stjóri	Sept 2022	Des 2022	Skrá niður hversu oft í viku/mánuði notast var við verkefnið á einhvern hátt.	



5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2021-2022

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Greidd laun til verkefnisstjóra fjölmennningar
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Þrisvar í vikur fara börnin í vinnustundir með verkefnisstjóra þar sem aðaláhersla er lögð á orðaforða. Unnið er með bækur spil og myndir. Á deildum er unnið með Gefðu 10 og einnig fá börnin stund þar sem lesið er fyrir eitt barn í einu ásamt sögustund í hópi sem er daglega
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Í vinnustundum með verkefnisstjóra eru tekin fyrir hugtök og þau rædd og skilgreind þannig að skilningur verði sem bestur. Í les- og samverustundum eru börnin spurð út í sögurnar eftir lestur. Þannig skapast umræður um efnið og betri skilningur næst.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Deildarstjórar gera TRAS skráningar á 6 mánaða fresti. Gerðar eru skráningar um getu og framfarir í vinnustundum og einnig er stuðst við Hæfnisramma í íslensku.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	<u>Orðaforða</u> aukum við með því að lesa bækur, spila á spil og í gegnum ýmsa leiki. Farið er í gegnum orðaforðalista sem gefinn er út af Menntamálastofnun. Unnið er að því að börnin öðlist sem ríkulegast mál og farið er vel í sem flesta orðflokka s.s. matvæli, athafnir, leik, leikefni. Lesnar eru örsögur, en það hvetur barnið til <u>að hlusta og taka eftir</u> . Síðan er spurt út í söguna. Orðin eru æfð með því að klappa þau í <u>samstöfur</u> og leikið er með <u>rím</u> . Við æfum <u>líkamsheiti</u> s.s. augu, nef, enni, haka og háls, og bætum við eftir því hvernig gengur. Við lærum <u>afstöðuhugtök</u> s.s. ofan í, ofan á, fremst, aftast, við hliðina o.s.frv. Einnig <u>stærðarhugtök</u> s.s. stór, lítill, stærstur, minnstur, langur, stuttur o.s.frv. <u>Tjáningu</u>

	þjálfum við með umræðum um það sem barninu finnst skemmtilegt, hvað barnið var að gera og hvað það langar til að gera. Börnin eru hvött til að tjá sig og einnig að eiga í samræðum við hvert annað. Börnin er hvött til að tjá sig um <u>líðan</u> sína og <u>tilfinningar</u>, en þannig læra þau að bera virðingu fyrir ólíkum tilfinningum og að setja sig í spor annarra. Við leikum okkur með <u>hljóðin</u> (hljóð stafanna og orðanna) og stafirnir gerðir sýnilegir. Við styrkjum <u>sjálfsmynd</u> barnsins með því að finna <u>styrkleika</u> hvers og eins svo barnið fái sem best notið sín. Við vinnum ýmis verkefni sem börnin óska eftir hverju sinni. Við erum duglega að hrósa og kenna börnunum að hrósa hvert öðru. Einnig tölum við um vináttuna og gildi hennar. <u>Fínhyfingar</u> æfum við með því að nota m.a. leir, perlur, púsl, teikna, skrifa, ífellukassa, litakeilur, og tré smíðadót. Börnin læra einnig að <u>fara eftir fyrirmælum</u> s.s. viltu kveikja ljósið, gjörðu svo vel að fá þér sæti í stólinn (eða á gólfíð), slökkva ljósið og fl. Þau læra líka að bíða og hvenær þau mega byrja og svo að hætta. Við ræðum um önnur lönd, ólíkt útlit og menningu. Lögð er áhersla á að í raun erum við öll eins, fólk með tilfinningar, þrár og langanir. Áhersla er á <u>virka þátttöku</u> hvers barns og má glögg sjá hve sjálfsöryggi og tjáning þeirra eykst.
--	--



6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Áætlað er að allir starfsmenn komi í starfsþróunarsamtal 2022-2023. Síðasta skólaár voru tekin örviðtöl og þá var ákveðið málefni tekið fyrir. Það gafst vel og verða viðtölin í svipuðu formi.

Áætluð fræðsla fyrir skólaárið 2022-2023

- Námskeið um slys og slysavarnir barna
- Fræðsla frá Miðju máls og læsis
- Vel verður fylgst með hvaða námskeiðstilboð verða þetta skólaárið fyrir leikskóla á vegum þjónustumiðstöðvar og SFS.

7. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Löng hefð er fyrir samstarfi Rofaborgar og Árbæjarskóla og má rekja það allt til ársins 1987. Markmið samstarfsins er;

- Að stuðla að vellíðan og öryggi barna við flutning frá leikskóla til grunnskóla
- Brúa bilið milli skólastiganna og stuðla að heilstæðu námi barna
- Efla og styrkja samstarf starfsfólks á báðum skólastigum.

Áætlun fyrir 2022-2023

September – heimsókn leikskólabarna á bókasafn Árbæjarskóla. Starfsmaður bókasafnsins tekur á móti hópnum og les fyrir þau.

Október – Heimsókn nemenda úr 1. bekk í Rofaborg. Börnin heimsækja gömlu deildina sína taka þátt í leik með öðrum börnum og fá ávexti.

Nóvember – Dagur íslenskrar tungu – Heimsókn leikskólabarna í hátíðarsal Árbæjarskóla. Börnin stíga á svið og flytja söng eða fara með þulu sem er hluti af hátíðardagskránni.

Smiðjudagur fyrir leikskólabörn í Árbæjarskóla sem er að öllu jöfnu í nóvember.

Desember – Heimsókn leikskólabarna í skólann – Leikskólabörnin mæta í jólastund með 1. bekk.

Mars-apríl – Þáttaka leikskólabarna í starfi með 1. bekk. Farið er inn í kennslustund í matsal og í frímínútur.

Mái – Vorskóli fyrir væntanlega nemendur í Árbæjarskóla.

Júní – Rofaborg og 1. bekkur Árbæjarskóla fara saman í útikennslu. Skipulagt af Rofaborg.

8. Foreldrasamvinna

Foreldraráð.

Tilgangur foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefnda um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldra. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfinu. Starfsreglur foreldraráðs voru samþykktar 2014. Í foreldraráði Rofaborgar sitja 4 fulltrúar foreldra ásamt leikskólastjóra. Skipa þarf nýtt foreldraráð í sept. 2022.

Foreldrafélag

Foreldrafélag hefur séð um viðburði sem hafa það að markmið að efla félagsauð barna og foreldra í Rofaborg. Þar má nefna sveitaferð, fjölskylduhátíð og einnig hefur foreldrafélagið lagt sitt af mörkum við útskrift elstu barna.

Foreldrafundir

Foreldrafundur verður að hausti fyrir allar deildir. Fundur fyrir nýja foreldra er í þeirri viku sem börnin eru í aðlögun. Áður en börnin byrja koma foreldrar í viðtal með leikskólastjóra og deildarstjóra og koma þá með út fyllt eyðublöð sem leikskólinn sendir foreldrum í tölvupósti. Þar er farið yfir margs konar upplýsingar um barnið og foreldrar fá upplýsingar um leikskólann og deildina. Handbók foreldra „Velkomin í Rofaborg“ er afhentur foreldrum í viðtalinu.

Foreldraviðtöl

Foreldraviðtöl verða á tímabilinu nóvember 2022 – maí 2023. Áætlað er að foreldrar barna sem hefja leikskólagöngu um haustið 2022 komi í viðtal fyrir áramót og einnig foreldrar þeirra barna sem skiptu um deild í sumar og haust, en það er u.þ.b. helmingur barna af hverri deild. Eftir áramót, á tímabilinu janúar – apríl 2023 koma foreldrar hinna barnanna sem og þeir sem vilja fá annað viðtal. Það hefur hentað vel að dreifa viðtölunum á nokkra mánuði og við leyfum foreldrum að velja tíma eftir kl. 14 á daginn.



9. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulags- og námskeiðsdagar starfsmanna hafa verið ákveðnir.

- 30. september 2022 – leikskólinn lokaður – einnig skipulagsdagur í Árbæjarskóla
- 22. nóvember 2022– leikskólinn lokaður – einnig skipulagsdagur í Árbæjarskóla
- 27. janúar 2023 – leikskólinn lokaður –
- 15. mars 2023 – leikskólinn lokaður – einnig skipulagsdagur í Árbæjarskóla
- 17. maí 2023 – leikskólinn lokaður
- 19. maí 2023 – leikskólinn lokaður.

10. Fylgigögn

- a. Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs
- b. Innra mat deilda
- c. Leikskóladagatal Rofaborgar.

F. h. leikskólans Rofaborgar

Þórunn Gyða Björnsdóttir
Leikskólastjóri

29. ágúst 2022
Dagsetning



Starfsáætlun 2021 – 2022

Rofaborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

XXXXX XXXXX

XXXXX XXXXXXXX

XXXXX XXXXXXXX

Um starfsáætlanir leikskóla



Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi



Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

